

Fundargerð

417. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 24. feb. 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar félagsins.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Ólafur Ingólfsson, Róbert Bender, Sigríður Sæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Kári Jónasson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Margrét Hagalínsdóttir var fjarverandi.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar nr. 416 undirrituð.

1. Verkskipting stjórnar

Formaður setti fundinn og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Lagði til ákveðna verkskiptingu stjórnar. Niðurstaðan er þannig: Varaformaður er Sigríður, gjaldkeri Guðrún og Ólafur ritari. Rætt um mætingu varamanna á stjórnarfundi. Niðurstaðan var að varamenn verði boðaðir eins og tíðkast hefur. Þó ekki endilega gert ráð fyrir öllum varamönnum á alla fundi. Jafnframt þarf að tryggja að rétt sé staðið að afgreiðslu og samþykktum stjórnar, þ.e fyrir tilstuðlan aðalmanna. Þá skal leggja áherslu á vandaðar fundargerðir. Fundartími verði áfram fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 9.30.

2. Stefnumótunarvinna

Sigríður fylgdi málinu eftir. Framhald umræðu frá vinnufundi stjórnar frá því í haust þar sem fyrir liggja drög sem vinna þarf frekar. Þorbjörn bætist í hóp þeirra Ellerts, Ernu, Sigríðar sem vinnur áfram með drögin.

3. Landsfundur LEB

Reiknað er með að fundurinn verði 10. og 11. apríl hér í Stangarhýlnum. Ekki er komin endaleg staðfesting frá LEB á dagsetningu né um væntanlegan fjölda þingfulltrúa frá FEB.

4. Val í stjórn og formann fulltrúaráðs Múlabæjar

FEB ber ber að tilnefna 3 aðalmenn og einn til vara í fulltrúaráð Múlabæjar og er kominn póstur vegna þessa. Samþykkt að Guðrún, Sigríður og Róbert verði aðalmenn og Ellert til vara.

5. Yfirlýsing frá LEB um stjórnarskrármál

Á vef Alþingis birtist umsögn frá LEB sem lýsir andstöðu við frumvarp um breytingar á stjórnarskránni og hvatt til að ekki verði gerðar breytingar á stjórnarskránni. Þessi umsögn hefur vakið furðu margra og kallað fram nokkur viðbrögð félagsmanna okkar. Engin skýring hefur komið frá stjórn LEB vegna þessarar umsagnar og er hún nú horfin af vef Alþingis. Af þessu og ýmsu öðru sköpuðust allmiklar umræður um störf Landssambandsins og samskipti þess við FEB. Samþykkt að reyna að ná stjórn LEB á fund þar sem málin verða rædd í fullri hreinskilni og reynt til þrautar að bæta samstarfið.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri skýrði frá að vinna við gerð sölusamninga búða við Árskóga er í gangi. Með nýrri stjórn kallaði sýslumaður eftir endurnýjuðu umboði til handa framkvæmdastjóra vegna sölu á íbúðum. Frágengið og undirritað af stjórnarmönnum á fundinum.

Framkvæmdastjóri var beiðni og kauptilboð vegna ákv. eignar við Árskóga 6 þar sem óskað er eftir samþykki stjórnar að félagsmenn og börn þeirra tvö geti keypt íbúð saman. Íbúð sem í dag er ein stór en sameinuð var úr tveimur íbúðum sem mætti breyta aftur í tvær eignir.

Framkvæmdastóri fékk umboð til að ganga frá þannig að tryggt verði að áfram verði íbúð/íbúðir eingöngu fyrir félagsmenn 60 ára og eldri.

Tillaga til þingsályktunar um velferðartækni – nefndasvið Alþingis kallar eftir umsögn FEB

Guðrún kom inn á erfiðan rekstur og fjárhagsstöðu hjúkrunarheimila sem hún þekkir sem stjórnarmaður í Skjóli. Nauðsynlegt að fá stuðning fleiri við þessi málefni og önnur mál er varða stöðu eldri borgara.

Samþykkt að fá forsvarsmann / menn hjúkrunarheimila inn á fund stjórnar.

Umræða um stöðu eldri borgara og kjör. Samþykkt að fá fjármálaráðherra á félagsfund í FEB til að ræða m.a. um grafalvarlega stöðu margra eldri borgara. Jafnframt að skrifa bréf og grennslast fyrir um framhald vinnu starfshóps á sl. ári á vegum ráðuneytis velferða og barnamála um kjör aldraðra.

Fundi slitið 11.40.

Samþykkt;